



ÁRSSKÝRSLA

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála
2022



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2023

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Rafpóstur: rmf@rmf.is

Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2022

Höfundur: Vera Vilhjálmsdóttir

Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf.

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)

ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Forsíðumynd: Horft í átt að Brákarey, Borgarnesi © Vera Vilhjálmsdóttir

Aðrar myndir: © Starfsfólk RMF

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
RMF 2022.....	5
Um RMF	6
Rannsóknaverkefni	8
RMF – í leik og starfi	14
Viðburðir.....	15
Nýtt tímarit um ferðamál á norðurslóðum.....	17
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF.....	18
Rannsóknasamstarf	20
Útgefið efni.....	22
Fyrirlestrar og erindi	23
Rekstrarreikningur ársins 2022.....	24



Lundabyggð í Grímsey

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Eftir nokkurra ára erfiðleikatímabil má segja að íslensk ferðapjónusta hafi verið nokkuð fljót að ná vopnum á ný í samanburði við marga aðra áfangastaði. Eitt af stóru verkefnum hér á landi er að byggja upp hágæða ferðapjónustu, en á sama tíma að takast á við loftslagsvandann. Þetta er alls ekki auðvelt, enda hnattrænt verkefni og Ísland er ekki eyland þegar kemur að loftslagsvandanum. Landið er afar ríkt af auðlindum en þó eru okkar stærstu útflutningsgreinum, ferðapjónustu, sjávarútvegi og orku, settar skorður af náttúrunnar hendi sem takmarkar vaxtarmöguleika til framtíðar. Því þarf að sækja aukna verðmætasköpun í hugvit, rannsóknir og betri nýtingu núverandi auðlinda. Við getum alltaf gert betur og við þurfum að huga að ásýnd og ímynd. Því má segja að við séum að mörgu leyti í öfundsverðri stöðu, í landi auðlinda á svo mörgum sviðum og þegar kemur að legu landsins með tilliti til Norðurlóða.



Ásta Dís Óladóttir

Nýtt tímarit, Ferðamál á norðurlóðum leit dagsins ljós á árinu 2022, vísindatímarit á sviði ferðamála, gefið út af RMF. Markmið þess er að skapa vandaðan vettvang fyrir þverfræðilega umfjöllun um ferðamál, ferðamennsku og ferðapjónustu á norðurlóðum í því skyni að auka fræðilega þekkingu og styrkja faglega umræðu um ferðapjónustu á norðurlóðum.

Samkvæmt stefnumörkun ráðherra um ferðapjónustu til ársins 2030 á ferðapjónusta hér á landi að vera arðsöm og samkeppnishæf og vera í sátt við land og þjóð. Sjálfbærni er lykilorð í ferðapjónustu. Miklu máli skiptir að hagaðilar hafi samfélagsábyrgð, umhverfismál og ábyrga stjórnarhætti að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og uppbyggingu. Leiðin að því marki að greinin sé sjálfbær er að setja arðsemi í forgang fremur en fjölda ferðamanna, vinna að ávinningi heimamanna af ferðapjónustu um allt land, gæta jafnvægis milli verndar og hagnýtingar og miða að einstakri upplifun, gæðum og fagmennsku. Greinin hefur skapað ný tækifæri, ný fyrirtæki og þúsundir starfa. Miklu máli skiptir að ferðapjónusta til framtíðar sé byggð á rannsóknum, gögnum og reynslu. Hér ætti RMF að gegna lykilhlutverki því vandaðar rannsóknir leiða til nýrrar þekkingar og nýrra tækifæra. Samstarf háskóla, líkt og hér á sér stað, og samstarf milli ýmissa deilda og fræðafólks á mismunandi sviðum innan háskóla á sviði ferðamála, nýsköpunar, viðskipta og sjálfbærni munu leiða til aukinnar arðsemi þegar til lengri tíma er lítið. Hlutverk RMF er að stuðla að rannsóknum og vera vettvangur sem ýtir undir nýsköpun í íslenskri ferðapjónustu með langtíma verðmætasköpun og uppbyggingu að leiðarljósi.

Innan RMF er unnið að fjölbreyttum rannsóknum. Tveir þriðju af rekstrafé stofnunarinnar kemur úr samkeppnissjóðum og því stýrast rannsóknir nokkuð af því hvaða styrkir fást hverju sinni. Um þessar mundir er unnið að mikilvægum rannsóknum á borð við efnahagsleg áhrif Airbnb gestgjafa á samfélög á norðurlóðum og ábyrga eyjaferðapjónustu í Grímsey og Hrísey. RMF er einnig þátttakandi í tveimur Erasmus+ verkefnum sem snúa annars vegar að því að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðapjónustu og hins vegar að því að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðapjónustu að komast í gegnum krísu. Skemmtiskipa rannsóknir skipa einnig stóran sess í starfi RMF en til að mynda er verið að skoða sjálfbærni móttökusvæða skemmtiskipa á Norðurlöndum og áhrif umferðar skemmtiskipa á náttúru, efnahag og menningu norðurlóða.

Af þessu má ráða að verkefnin eru afar fjölbreytt en mikilvægt er að fjármögnun RMF verði tryggð, svo hægt sé að sinna enn frekari uppbyggingu rannsókna á ferðamálum, enda greinin orðin máttarstólpi í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar og því mikilvægt að byggja upp markvissa þekkingu á ferðapjónustu hér á landi, byggða á vönduðum rannsóknum. Slíkt er ekki hægt með ótryggi fjármögnun. Hér þurfa stjórnvöld að koma að borðinu því uppbygging þekkingar á sviði ferðamála hér á landi er afar mikilvæg til lengri tíma.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllu starfsfólki RMF fyrir mjög góð störf á árinu. Ég óska Rannsóknamiðstöð ferðamála allra heilla og þakka lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf á undanförunum árum.

Dr. Ásta Dís Óladóttir, stjórnarformaður.



Skógá, horft niður á Skógasand

RMF 2022

Stofnun nýs fræðitímarits, *Ferðamál á norðurlóðum*, var ótvírætt hápunktur ársins í starfsemi RMF á árinu 2022. Segja má að aðdragandinn hafi verið nokkuð langur en stefnt hefur verið að útgáfu fræðitímarits allt frá stofnun Rannsóknamiðstöðvarinnar árið 1999. Það var þó ekki fyrr en 2021 að skriður komst á málið, þá ekki síst vegna hvatningar frá formanni ráðgefandi nefndar um gagnaöflun og rannsóknir Ferðamálastofu, Ragnari Árnasyni prófessor emeritus við HÍ. Að mörgu er að hyggja þegar farið er út í útgáfu á nýju fræðitímariti. Af hálfu RMF báru þær Kolbrún Reynisdóttir og Þórný Barðadóttir hitann og þungann af vinnu við gerð [heimasíðu fyrir tímaritið](#). Stjórn RMF og ýmsir samstarfsaðilar í háskólunum þremur sem að RMF standa tóku einnig virkan þátt í undirbúningi og mótun ritstjórnarstefnu tímaritsins. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvernig til tekst en það er trú þeirrar sem þetta ritar að tímaritið verði í framtíðinni mikilvægur vettvangur þekkingarsköpunar á þessari umfangsmiklu atvinnugrein og mótandi afls sem ferðapjónustan er í okkar nútímasamfélagi.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Engar breytingar urðu í starfsmannahaldi RMF árið 2022 en þrír starfsmenn unnu verkefni við RMF. Stöðugleiki í starfsmannahaldi er mikill styrkur en viðvarandi óvissa um fjármögnun verkefna getur ógnað þeim stöðugleika. Starfsfólk RMF kom sem fyrr að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, miðlaði niðurstöðum sínum á innlendum sem erlendum ráðstefnum og fundum og tók þátt í samstarfi rannsækenda á ýmsum sviðum.

Í byrjun desember var starfsmannadagur RMF haldinn á Vesturlandi. Þar sem starfsfólk RMF er bæði með aðsetur í Reykjavík og á Akureyri eru starfsmannadagar mikilvægt tækifæri til þess að allir komi saman á einum stað, til fræðslu og skemmtunar. Að þessu sinni hófst ferðin með slökun í heitum potti og jólahlaðborði á Hótel Laxárbakka þar sem einnig var gíst. Daginn eftir var haldið til Borgarness þar sem byrjað var á heimsókn til Markaðsstofu Vesturlands og fræðst um helstu verkefni hennar. Þá var farið í hressilegan ratleik og hádegismat á Landnámssetri Íslands. Að því loknu var þægindaramminn útvíkkaður með skemmtilegri vinnustofu hjá listamanninum Michelle Bird, þar sem sköpunarkrafturinn fékk að njóta sín. Deginum lauk síðan á Akranesi þar sem starfsfólk fékk leiðsögn um Akranesvita og fræðslu um þróun vitans sem aðráttarafls í ferðapjónustu.

Árið 2022 lifnaði svo sannarlega yfir ferðapjónustunni hér á landi eftir erfið Covid ár. Því miður hefur ekki lifnað eins yfir skilningi á brýnni þörf þess að efla rannsóknir á sviði ferðamála. Þegar árið 2012 setti RMF, í samvinnu við rannsækendur ferðamála við háskóla landsins, fram rannsóknáætlanir um [þrjú svið rannsókna](#) á ferðamálum á Íslandi; hagræn áhrif ferðamennsku, menningu og ferðapjónustu og ferðamennsku og umhverfi. Þessar metnaðarfullu áætlanir tókst þó aldrei að fjármagna.

Þörf fyrir fjölbreyttar rannsóknir á eðli og umfangi ferðapjónustunnar er síst minni nú en áður. Ferðapjónustulandið Ísland stendur frammi fyrir margvíslegum og flóknum áskorunum og þar gegnir öflugt rannsóknarstarf lykilhlutverki sem forsenda upplýstra ákvarðana og stefnumótunar í uppbyggingu og stjórnun ferðapjónustu.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamáli. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðaþjónustu og ferðamennsku.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamáli á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Aðalskrifstofan er til húsa á 7. hæð í Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Í febrúar 2022 flutti skrifstofa RMF í Reykjavík úr Nýja Garði yfir á 2. hæð í Tæknigarði, húsi Háskóla Íslands.

Starfsfólk

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur 100%
Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 75% janúar - apríl, 35% maí - desember
Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur 100%
Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 20%
Julie Madsen, starfsnemi
Hana Sáblikova, starfsnemi
Rabab Hussein, starfsnemi

Stjórn

Í árslok 2022 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Ásta Dís Óladóttir, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar

Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands

Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri

Hafðís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri

Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum

Vilborg Helga Júlíusdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar

Oddný Þóra Óladóttir, frá Ferðamálastofu

Stjórnarfundir voru 8 árinu.

Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur RMF var haldinn mánudaginn 23. maí, að Hólum í Hjaltadal. Stjórn og starfsfólk RMF lagði af stað um morguninn frá Reykjavík og Akureyri og hittist í Skagafirði. Heima á Hólum tók Erla Björk Örnólfsdóttir, fráfari rektor Háskólans á Hólum á móti hópnum og ræddi meðal annars um mikilvægi samstarfs háskólanna um RMF. Aðalfundurinn hófst kl. 13:15 og var með hefðbundnu sniði. Auk stjórnar sátu fundinn Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðukona RMF, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingar RMF og kynntu þær helstu rannsóknir síðasta árs.

Að loknum aðalfundi kynnti Ólöf Ýrr Atladóttir, sviðsstjóri rannsókna, nýsköpunar og kennslu við Háskólann á Hólum helstu verkefni sviðsins og framtíðarsýn. Þá ræddi dr. Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar Háskólans á Hólum um nám, rannsóknir og framtíðarsýn deildarinnar. Eftir það buðu heimamenn gestum í stutt rölt um Hólastað með viðkomu í Bjórsetri Íslands, þar sem Bjarni Kristófer Kristjánsson, prófessor við fiskeldis- og fiskalíffræðideild Háskólans á Hólum rakti sögu og starfsemi setursins auk Bjórhátíðarinnar á Hólum.

Stjórn og starfsfólk RMF snæddi góðan kvöldverð ásamt gestum frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum að Sveitasetrinu Hofsstöðum áður en leiðir

skildu eftir ánægjulega samveru. RMF þakkar starfsfólki Háskólans á Hólum fyrir hlýlegar móttökur og gestrisni.



Stjórn og starfsmenn RMF. Efri röð: Bragi Guðmundsson (HA), Vilborg Helga Júlíusdóttir (SAF), Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa), Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (RMF), Ásta Dís Óladóttir (HÍ), Ingibjörg Sigurðardóttir (HH). Neðri röð: Rannveig Ólafsdóttir (HÍ), Hafðís Björg Hjálmarsdóttir (HA), Ása Marta Sveinsdóttir (RMF), Eyrún Jenný Bjarnadóttir (RMF)



Guðrún Þóra fer yfir starfsemi RMF undanfarið ár



Stjórn og starfsmenn RMF ásamt gestum áttu góðar stundir að stjórnarfundum loknum





Hverasvæðið við Hveravelli

RANNSÓKNAVERKEFNI

Aðlögunarhæfni og seigla í ferðaþjónustu

Hér er um að ræða verkefni sem unnið var fyrir Ferðamálastofu og sneri að því að varpa ljósi á hvaða áhrif Covid-19 heimsfaraldurinn hafði á ferðaþjónustufyrirtæki hér á landi. Markmiðið var að þetta væri fyrsti áfanginn af stærra verkefni sem sneri að því að skoða aðlögunarhæfni og seiglu í ferðaþjónustu.

[Fyrri áfangaskýrsla](#) verkefnisins kom út árið 2021. Í þeirri skýrslu er ítarleg samantekt og greining á fyrirbyggjandi gögnum um áhrif COVID-19 á ferðaþjónustuna og nýttist sem tölulegur grunnur fyrir áframhald verkefnisins. Verkefninu lauk vorið 2022 með útgáfu á lokaskýrslu verkefnisins sem fjallaði um upplifun og reynslu fólks í ferðaþjónustu af því að takast á við kórónuveirufaraldurinn.

Verkefnastjóri var Íris H. Halldórsdóttir, sérfræðingur RMF.

Efnahagsleg áhrif Airbnb gestgjafa á samfélög á norðurlöðum

Verkefnið er norrænt samstarfsverkefni, styrkt af Nordregio ACP sjóðnum en meginmarkmið þess er að rannsaka hvaða hlutverki Airbnb gestgjafar

gegna í byggðapróun sem og sjálfbærri þróun áfangastaða á þremur norrænum dreifbýlissvæðum; Norðurlandi (Ísland), Norður-Jótlendi (Danmörk) og Nordland Noregur). Verkefnið hlaut styrk til tveggja ára (2021-2023).



Vinnufundur í Bö, Noregi október 2022 í Airbnb verkefni. Vera Vilhjálmsdóttir, Susanne Gretzinger og Birgit Leick.

Fjöldi þeirra sem leigja út húsnæði í gegnum Airbnb á dreifbýlis- og jaðarsvæðum hefur færst í aukana á undanförunum áratug. Þjónustan sem Airbnb gestgjafar veita hefur laðað að ferðamenn og skapað nýjar tekjulindir og tækifæri til frumkvöðlastarfsemi á svæðunum, en ferðaþjónusta í kringum Airbnb getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif á nærsamfélögin.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, er verkefnisstjóri íslenska hluta verkefnisins en auk hennar vinnur Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur hjá RMF, að verkefninu. Afurðir verkefnisins verða birtar í ritrýndum fræðigreinum og skýrslu um helstu niðurstöður.

Gildi og nýting minjastaða

Þetta verkefni var unnið að beiðni Minjastofnunar Íslands og styrkt af evrópska styrktar sjóðnum ESPON. Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánasta umhverfi. Um var að ræða tilviksrannsókn þar sem Hofstaðir í Mývatnssveit voru nýttir sem dæmi, en svæðið sem rannsóknin náði yfir er Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit.

Í verkefninu var lögð áhersla á að öðlast innsýn í samfélagslegt gildi minjastaða fyrir heimamenn og kanna hvort, og þá hvernig, minjastaðir geti gagnast íbúum svæðisins, ásamt þeim mögulegu ávinningum sem hlotist hafa af þeim fornleifarannsóknum sem hafa farið fram á svæðinu í gegnum árin.

Rannsóknin skiptist í þrjá hluta; viðtöl við hagaðila, rýnihópsviðtal við heimamenn og spurningalista sem var sendur út á netinu til íbúa svæðisins. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu maí til september 2021 og verkefninu lauk með [skýrslu með niðurstöðum rannsóknarinnar](#) sem gefin var út vorið 2022.

Verkefnastjóri var Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur RMF.

Holtavörðuheiðarlína 1: áhrif á ferðaþjónustu og útivist

Rannsókn sem unnin var fyrir Landsnet á áhrifum Holtavörðuheiðarlínu 1 á ferðaþjónustu og útivist fyrir mat á umhverfisáhrifum línunnar. Áhrifasvæði fyrirhugaðrar nýrrar línu liggur frá Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheiði, alls um 90km löng leið.

Í rannsókninni var lögð áhersla á að meta upplifun ferðamanna sem heimsækja svæðið og núverandi

nýtingu svæðisins til útivistar og ferðamennsku. Rannsóknin byggði á viðtölum við ferðamenn, útivistarfólk og ferðaþjónustuaðila sem nýta sér eða starfa innan áhrifasvæðis framkvæmdanna, ásamt greiningu á fyrirbyggjandi gögnum.



Eyrún Jenný við gagnaöflun við Deildártunguhver þar sem viðtöl voru tekin við ferðamenn um viðhorf þeirra til Holtavörðuheiðarlínu 1.

Verklok voru desember 2022 og skýrsla með helstu niðurstöðum mun koma út þegar vinnu við umhverfismat framkvæmdanna líkur.

Rannsókninni var stýrt af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) en RMF kom inn í þann hluta verkefnisins sem sneri að ferðamönnum og ferðaþjónustu á svæðinu.

Verkefnastjórar f.h. RMF voru Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir.

Innland ferðamennska á Norðurlöndunum

Verkefnið var leitt af finnska ráðgjafafyrirtækinu Innolink og var unnið í samstarfi við Oxford Research og RMF með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Í verkefninu er sjónum beint að þeirri þróun sem átti sér stað í innlendri ferðaþjónustu á Norðurlöndunum frá því að Covid-19-heimsfaraldurinn skall á og um leið kanna hver

Þróun innlendar ferðamennsku gæti verið í framtíðinni. Áhersla var á að safna upplýsingum um hvernig tekist hefur til við að þróa og markaðssetja innlenda ferðaþjónustu á öllum Norðurlöndunum.

Haustið 2022 tók RMF þátt í einum hluta þessa verkefnis sem sneri að greiningu fyrirbyggjandi gagna um innlenda ferðamennsku á Íslandi árin 2019-2021 og viðtölum við fulltrúa fyrirtækja og stofnana í ferðaþjónustu hér á landi. Niðurstöðum var skilað til Innolink í október 2022. Verkefninu lýkur með skýrslu til Norrænu ráðherranefndarinnar á vordögum 2023.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur RMF, vann rannsóknina fyrir hönd RMF.

Nýsköpunarstofa UNLEASH

Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá RMF, tók þátt í Nýsköpunarstofu fyrir sjálfbærnisáskoranir á Grænlandi. Nýsköpunarstofan ber heitið UNLEASH Innovation Lab og var haldin í Nuuk dagana 20-27. ágúst. UNLEASH heldur viðburði árlega fyrir ungt fólk á aldrinum 18-35 ára þar sem unnið er með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Árið 2022 var sérstök áhersla lögð á að þróa lausnir við hinar ýmsu áskoranir sem við á Norðurslóðum búum yfir með tilliti til heimsmarkmiða 3, 4, 13, 14 & 15. Ása Marta tók þátt í heimsmarkmiði 13, Aðgerðir í loftlagsmálum, með sérstaka áherslu á Loftlagsvæna uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðurslóðum. Þátttakendur voru 200 manns sem valdir voru úr hópi 1200 umsækjenda frá 9 löndum.

Hægt er að lesa meira um UNLEASH og samstarfsaðila verkefnisins [hér](#).

Kortlagning helstu leiða: Líkanagerð um staðbundna neyslu skemmtiskipafarþega (MBT)

Verkefnið Kortlagning helstu ferðaleiða: Líkanagerð um staðbundna neyslu skemmtiskipafarþega (Mapping the Beaten Track: Modelling spatiotemporal tourism consumption - MBT) snerist um að kortleggja ferðahegðun og neyslu farþega skemmtiferðaskipa í heimsóknum þeirra á landi.

Rannsóknin var styrkt til þriggja ára (2020-2023) af Norræna samstarfssjóðnum um rannsóknir í hug- og

félagsvísindum (e. NOS-HS The joint committee for Nordic research councils in the humanities and social sciences).

Meginmarkmið verkefnisins var tvíþætt. Annars vegar sneri það að samanburði á aðferðum við gagnaöflun og greiningu sem og niðurstöðum á fyrirbyggjandi gögnum frá könnunum meðal skipafarþega á Íslandi, í Danmörku og í Svíþjóð. Hins vegar var verkefninu ætlað að skapa vettvang fyrir fjölþjóðlegt rannsóknanet.



Stuðlaberg í Grímsey

Á rannsóknartíma voru verkefnafundir og vinnustofur í Reykjavík, Kaupmannahöfn og Uppsölum í Svíþjóð. RMF tók þátt í verkefnafundi í Kaupmannahöfn haustið 2022.

Með verkefnisstjórn íslensks hluta fóru Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Þórný Barðadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir.

Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum

Hér er um að ræða fjölþjóðlegt rannsóknarverkefni á svæðisbundinni stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa á norðurslóðum, styrkt af norska rannsóknaráðinu. Til rannsóknar eru aðstæður á völdum móttökusvæðum skemmtiferðaskipa í Noregi, á Svalbarða, Grænlandi og Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er að leita bestu leiða til stýringar með sjálfbærni að leiðarljósi. Verkefnið var upphaflega styrkt til þriggja ára (2020-2023) en hefur verið framlengt til ársins 2024.

Árið 2022 einkenndist af gagnaöflun með viðtölum og vettvangsferðum. Haldin var vinnustofa í

Álaborgarháskólanum í Kaupmannahöfn, 8-9. nóvember 2022 þar sem kynntar voru niðurstöður verkefnisins til þessa og næstu skref rædd.

Verkefnisstjóri er Hindertje Hoarau-Heemstra (Nord háskóla, Noregi) en Ása Marta Sveinsdóttir hefur fyrir hönd RMF farið með verkefnisstjórn íslensks hluta.

Skemmtiskipa ferðamennska í Grímsey: tækifæri eða ógn

Markmið þessarar rannsóknar, sem styrkt var af Vísindasjóði Háskólans á Akureyri, var að skoða eðli og áhrif skemmtiskipa ferðamennsku í Grímsey. Sérstök áhersla var lögð á að rýna í sjálfbærni þessarar tegundar ferðamennsku í tengslum við uppbyggingu Grímseyjar sem áfangastaðar ferðamanna. Rannsóknin var unnin í nánun samstarfi við verkefnisstjóra Glæðum Grímsey og við Laufeyju Haraldsdóttur, lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum, sem stýrir verkefni um ábyrga eyjaferðaþjónustu í Grímsey.

Gagnaöflun fyrir verkefnið fór fram vorið og sumarið 2022 með rýnihópafundum, vinnustofum, viðtölum við ferðamenn og GPS mælingum. Áætluð verkefnislok eru vorið 2023.

Ása Marta Sveinsdóttir fer með umsjón verkefnis, ásamt Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur og Þórnýju Barðadóttur.

T-CRISIS-NAV Leiðsögn lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðaþjónustu í gegnum krísu

RMF er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu Navigating SMEs in the tourism sector through crisis (T-Crisis-NAV). Verkefninu er stýrt af University of Highlands and Islands í Skotlandi. Verkefnið, sem unnið er í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir á Írlandi, Þýskalandi, Danmörku og Spáni ásamt Íslandi, hófst í september 2020 og líkur á ágúst 2023.



T-Crisis-NAV snýr að því að hanna námsefni fyrir ólíkar menntastofnanir, sem getur efnt lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu að sigla í gegnum krísu. Verkefninu er ætlað að þróa námsskrá og námsefni til að gera ólíkum menntastofnunum kleift að bjóða uppá fræðslu og þjálfun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og frumkvöðla framtíðarinnar, í ferðaþjónustunni, til þess að öðlast þá færni, tæki og töl sem nauðsynleg eru til að takast á við kreppu á áhrifaríkan hátt.

Hlutverk Rannsóknamiðstöðvar ferðamála í þessu verkefni er fjölbreytt en sem fulltrúi háskólastofnana sér RMF um gæðamat á því efni sem verkefninu er ætlað að búa til. Fundað er reglulega í verkefninu yfir árið, þá bæði með fundum yfir netið og staðbundnum fundum. Haldnir voru tveir staðbundnir fundir, einn í apríl 2022 í Barcelona á Spáni og annar á Íslandi í október.



Frá vinnufundi í T-Crisis-NAV á Íslandi í október 2022

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir leiðir verkefnið af hálfu RMF ásamt Íris H. Halldórsdóttur, sérfræðingi RMF.

Vetraráfangastaðurinn Akureyri

Verkefnið var unnið með stuðningi frá Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig Akureyringar upplifa sína heimabyggð sem vetraráfangastað og fá innsýn í áherslur íbúa hvað

varðar uppbyggingu vetrarferðaþjónustu, skipulagningu og stýringu hennar til framtíðar.

Gagna var aflað annars vegar með hópviðtölum við íbúa á Akureyri og hins vegar með netkönnun sem send var til úrtaks íbúa. [Verkefninu lauk með skýrslu vorið 2022.](#)

Verkefnastjórn var í höndum Eyrúnar Jennýjar Bjarnadóttur og Guðrúnar Þóru Gunnarsdóttur. Verkefnið er hluti af rannsóknasamstarfi þeirra við Dr. Georgette Leah Burns, Griffith University, Ástralíu og Dr. Guðrúnu Helgadóttur, Háskólanum í Suð-austur Noregi. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) hafði umsjón með gagnaöflun og var Akureyrarstofa rannsóknateyminu til ráðgjafar.

Vetrarferðaþjónusta mikilvæg fyrir samfélagið á Akureyri að mati íbúa

Vorið 2022 gaf RMF út skýrslu með niðurstöðum rannsóknar á vetraráfangastaðnum Akureyri út frá sjónarhóli íbúa. Markmiðið var að kanna hvernig Akureyringar upplifa sína heimabyggð sem vetraráfangastað og fá innsýn í áherslur þeirra um uppbyggingu ferðaþjónustu, skipulagningu og stýringu hennar til framtíðar.

Í rannsókninni kom fram að íbúar telja Akureyri vera eftirsóknarverðan áfanga- og viðkomustað ferðamanna allan ársins hring. Mikil ánægja var með framboð afþreyingar á svæðinu. Ekki var talið að ferðamenn kæmu í veg fyrir þátttöku íbúa í vetraraþþreyingu á svæðinu. Ljóst er þó að stundum koma álagspunktur þegar mikill fjöldi ferðafólks er í bænum og notendur afþreyingar og þjónustu mun fleiri en vanalega.

Að mati íbúa voru útivist og vetraríþróttir burðarás vetrarferðamennsku á svæðinu og þótti mikilvægt að þær stöðir yrðu styrktar enn frekar. Fram kom skýr vilji íbúa um að umhverfið í bænum ætti að hvetja til útivistar og hreyfingar og voru íbúar jákvæðir gagnvart fjölgun útivistar- og afþreyingarmöguleika í bæjarlandinu jafnt fyrir íbúa sem ferðamenn.

Skýrsluna má nálgast á rmf.is

Viðhorfskönnun meðal ferðamanna á áfangastöðum Vörðu

Verkefnið var unnið fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið.

RMF hafði umsjón með prufukeyrslu á viðhorfskönnun meðal ferðamanna á fjórum áfangastöðum Vörðu ásamt útfærslu á framkvæmd gagnaöflunar. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og/eða heimsvísu. Könnunin fór fram sumarið 2022 á Geysi, Gullfossi, Jökulsárlóni og Þjóðgarðinum á Þingvöllum.



Gagnasöfnun fór fram rafrænt á spjaldtölvum eða með því að skanna QR kóða.

Könnunin framfylgir markmiðum og viðmiðum sem koma fram í stefnuskjali Vörðu og snúa að vöktun á upplifun gesta sem heimsækja Vörður og styðja við hágæða móttöku gesta í samræmi við staðargæði. Þáttur í því er reglubundin framkvæmd viðhorfskannana meðal gesta á áfangastöðum Vörðu.

RMF vann [greinargerð](#) um könnunina og [frumniðurstöður](#) úr gögnunum sem var birt í nóvember 2022 á heimasíðu Vörðu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur RMF, stýrði verkefninu.

We Lead: Leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu

Rannsóknamiðstöð ferðamála er þátttakandi í Erasmus+ verkefninu Women Leadership in tourism, leisure & hospitality (We Lead), sem fjallar um leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu. Verkefnið er styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ og er til tveggja ára (2022-2024). RMF


leiðir verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en Kennslumiðstöð HA kemur einnig að verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar koma frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Íslandi, Danmörku, Írlandi og Spáni.



Fyrsti fundurinn í We Lead verkefninu sem RMF leiðir

Markmið verkefnisins er að efla leiðtogaþæfni kvenna í ferðaþjónustu, ekki síst þegar kemur að brýnum úrlausnum og viðbrögðum við loftslagsbreytingum. Á líftíma verkefnisins verður útbúið fræðsluefni fyrir bæði nemendur og þá sem nú þegar starfa innan greinarinnar. Þar að auki verður lögð áhersla á að vinna að því að auka sýnileika, forystuhæfni og áhrifamátt kvenna í ferðaþjónustu þegar kemur að því að skapa sjálfbærari framtíð greinarinnar.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Vera Vilhjálmisdóttir taka þátt í verkefninu fyrir hönd RMF en þær Auðbjörg Björnsdóttir og Bryndís Böðvarsdóttir taka þátt fyrir hönd Kennslumiðstöðvar HA.



Á leið í Reykjadalinn fyrir ofan Hveragerði


RMF – Í LEIK OG STARFI



Starfsfólk RMF mætti galvaskt á árshátíð HA sem haldin var í Hofi í apríl 2022.



Eyrún Jenný færði Ingibjörgu Sigurðardóttur blóm fyrir hönd RMF eftir doktorsvörn þeirrar síðarnefndu



Ýmislegt var brallað í starfsmannaferð RMF. T.a.m. var hádegismatur snæddur á Landnámssetri Íslands, farið var í skemmtilegan ratleik um Borgarnes og síðan var málað með bundið fyrir augun í takt við tónlist í vinnustofu hjá listamanninum Michelle Bird.



Það var góður andi á ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið á Ísafirði



Hurðin inn á skrifstofu RMF í Tækningarði (HÍ) var vel skreytt fyrir jólin



Guðrún Þóra hélt inngangserindi á Responsible Tourism in Destinations



Á leið niður Fimmvörðuháls, horft í átt að Þórsmörk

VIÐBURÐIR

Arctic Circle 2022

RMF, ásamt Landhelgisgæslu Íslands og Norðurslóðaneti Íslands, skipulagði málstofu á Arctic Circle sem bar heitið "Responding to Booming Arctic Cruise: Safety and Environmental Risks at Sea". Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF hélt erindi um ferðapjónustu tengdri skemmtiferðaskipum við Íslandsstrendur. Málstofurnar voru haldnar fimmtudaginn 13. október í Hörpu.

Fundað um viðbrögð ferðapjónustuaðila við krísu í ferðapjónustu

Í október 2022 var haldinn tveggja daga verkefnafundur í Hveragerði þar sem samstarfsaðilar Erasmus+ verkefnisins T-Crisis-NAV (Navigating SMEs in the tourism sector through crisis) funduðu um stöðu og áframhald verkefnisins ásamt því að fræðast um íslenska ferðapjónustu.

Auk fundarhalds var farið í Skyrland á Selfossi og Hellana á Hellu. Einnig fékk hópurinn góða kynningu hjá Ragnhildi Sveinbjarnardóttur hjá Áfangastofu Suðurlands um starfsemi stofunnar og helstu áskoranir ferðapjónustunnar á Suðurlandi á Covid

tímum. Að auki var þjóðgarðurinn á Þingvöllum sóttur heim en þar fræddi Torfi Stefán Jónsson fræðslufulltrúi þátttakendur um ýmsar áskoranir er lúta að stýringu og stjórnun ferðamennsku á jafn vinsælum áfangastað og raun ber vitni. Heimsókninni á Þingvöllum lauk með góðri göngu um Almennagjá og nærliggjandi svæði. Er öllum þeim sem tóku á móti verkefnahópnum færðar hinar bestu þakkir fyrir fróðlegar og áhugaverðar umræður og hlýjar móttökur.



Catherine Neill, samstarfsaðili í T-Crisis-NAV verkefninu, í heimsókn í Skyrland á Selfossi í tengslum við verkefnafundinn í Hveragerði.

Rannsóknadagur RMF

Rannsóknadagur RMF var haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum þann 25. maí. Dagurinn er helgaður doktorsnemum sem stunda rannsóknir á ferðamálum. Markmiðið með deginum er að nemendur fái tækifæri til að ræða rannsóknir sínar á jafningjagrundvelli við aðra nemendur og við fagmenn á sviðinu.

Að þessu sinni hittust fimm doktorsnemar ásamt leiðbeinendum og öðrum sérfræðingum og kynntu doktorsnemar rannsóknir sínar og stöðu þeirra. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðukona RMF setti Rannsóknadaginn og stjórnaði framvindu viðburðarins.



Doktorsnemar, leiðbeinendur og starfsmenn RMF.

Efsta röð: Gunnar Þór Jóhannesson, Þórný Barðadóttir, Magdalena Falter. Mið röð: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Íris Hrund Halldórsdóttir, Katrín Anna Lund. Neðsta röð: Elva Björg Einarsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Edita Tverijonaite, Rannveig Ólafsdóttir.

Á rannsóknardeginum voru fjölbreytt rannsóknaverkefni til umfjöllunar:

- Íris Hrund Halldórsdóttir: Entrepreneurship in rural regions: Adaptability and resilience in tourism
- Magdalena Falter: Entrepreneurship and innovation processes in rural communities in Iceland– Case study of Hacking Hekla.
- Elva Björg Einarsdóttir: Place making in V-Barð, Iceland
- Þórný Barðadóttir: Mobilities on the margins – Melrakkaslétta on the move
- Edita Tverijonaite: Wilderness as capital for nature-based tourism: Tourism industry's views on future development of the Icelandic Central Highlands



Þátttakendur fengu leiðsögn um hverasvæðið



Þórný segir frá sínu doktorsverkefni

NÝTT TÍMARIT UM FERÐAMÁL Á NORÐURSLÓÐUM



FERÐAMÁL Á NORÐURSLÓÐUM JOURNAL OF ARCTIC TOURISM

Nýju vísindatímariti var hleypt af stokkunum við hátíðlega athöfn í Hannesarholti þann 7. desember 2022 að viðstöddum góðum gestum. Tímaritið sem ber heitið Ferðamál á norðurslóðum verður gefið út af Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) í samstarfi við Ferðamálastofu, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands. Tímaritinu er ætlað að vera vandaður vettvangur fyrir þverfræðilega umfjöllun um ferðamál, ferðamennsku og ferðaþjónustu á norðurslóðum.

Sérstakir gestir á stofnardegi tímaritsins voru hr. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Hringborðs Norðurslóða og heiðursdoktor Háskólans á Akureyri og dr. John Tribe, prófessor emeritus við Háskólann í Surrey og fyrrverandi ritstjóri tímaritsins Annals of Tourism Research. Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri opnaði vefsíðu tímaritsins og ræddi við rektora háskólanna þriggja um miðlun rannsókna, mikilvægi samstarfs og samtals háskólasamfélags, atvinnugreinarinnar og hins opinbera.

Ásamt ritrýndum greinum mun tímaritið einnig birta óritrýnt efni s.s. rannsóknarpistla, samantektir frá ráðstefnum, bókadóma, viðtöl, o.fl. sem varðar ferðaþjónustu og ferðamál á norðurslóðum.

Tímaritið er opið öllum og munu greinar birtast jafnóðum og þær hafa verið samþykktar. Vefslóð tímaritsins er <http://arctictourism.is>



Svipmyndir frá stofnunardegi tímaritsins Ferðamál á norðurslóðum.
Ljósmyndari: Kristinn Ingvarsson

LOKAVERKEFNISVERÐLAUN SAF OG RMF



Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF, verðlaunahafar Lilja Karen Kjartansdóttir og Stephanie Langridge, ásamt Ástu Dís Óladóttur, stjórnarformanns RMF.

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) veita ár hvert tvenn verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir um ferðamál á Íslandi. Lilja Karen Kjartansdóttir hlaut verðlaun fyrir BS-ritgerð sína í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Stephanie Langridge hlaut verðlaun fyrir MS-ritgerð sína í stjórnun ferðapjónustu við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Ásta Dís Óladóttir, formaður stjórnar RMF og dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands afhenti verðlaunin á aðalfundi SAF sem fram fór 23. mars 2022 á Grand Hótel Reykjavík en verðlaunin voru afhent í 17. sinn.

BS-ritgerð Lilju Karenar nefnist Fræðslustarf í smærri ferðapjónustufyrirtækjum. „Samskipti eru bara númer 1, 2 og 3 sko“. Leiðbeinandi var Gunnar Þór Jóhannesson prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Í ritgerðinni var sjónum beint að því hvernig fræðslustarfi og starfsþjálfun er háttað innan lítilla ferðapjónustufyrirtækja og hvort áhugi

sé til staðar á svæðisbundnu samstarfi á milli þeirra um fræðslu.

Rannsóknin byggði á viðtölum við stjórnendur lítilla ferðapjónustufyrirtækja um hugmyndir þeirra og reynslu af fræðslustarfi og þjálfun starfsfólks. Rannsóknin leiddi í ljós að erfitt getur verið fyrir lítil fyrirtæki að nálgast fræðslu á markvissan hátt í umhverfi þar sem fjármagn er af skorum skammti, árstíðarsveifla er oft mikil og starfsmannahópurinn fjölbreyttur. Fræðsla og þjálfun fari oft fram á óskipulagðan hátt og að tími til skipulagningar og markvissrar þjálfunar sé þar af leiðandi af skorum skammti. Þegar kom að svæðisbundnu samstarfi um fræðslu og nýliðþjálfun voru stjórnendur almennt jákvæðir fyrir slíkum hugmyndum en áttu erfitt með að koma samstarfinu af stað og ekki var samstaða um hver ætti að sinna því.

MS-ritgerð Stephanie nefnist Umbreyting nýrra íslenskra ferðamannastaða í sjálfbæra áfangastaði: Tilviksrannsókn á eldgosinu í Geldingadal 2021 (e. Transforming emergent Icelandic tourist sites into sustainable and responsibly managed destinations:

A case study of the 2021 Geldingadalur eruption in Iceland). Leiðbeinandi Stephanie var Tracy Michaud stundakennari við Háskólann í Reykjavík og lektor við University of Southern Maine í Bandaríkjunum.

Ritgerðin fjallaði um uppbyggingu eldgosasvæðisins í Geldingadal fyrir ferðamennsku og þær áskoranir sem hagsmunaaðilar standa frammi fyrir til að gera nýja ferðamannastaði að sjálfbærum áfangastöðum. Höfundur tók viðtöl við hagsmunaaðila um uppbyggingu ferðamennsku við gosstöðvagnar og studdist við ferla ábyrgrar ferðamennsku með tilliti til umhverfislegrar, félagslegrar og efnahagslegrar sjálfbærni; hvernig skuli bregðast við, skilgreina verkaskiptingu, auka gagnsæi og valdefla hagsmunaaðila til að stýra

aðstæðum af ábyrgð við mótun áfangastaðar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að eining var meðal hagsmunaaðila um að ábyrg stjórnun á svæðinu feli í sér einhvers konar aðgangsstýringu til að fyrirbyggja hnignun svæðisins. Út frá niðurstöðunum er ályktað að samskipti og samkomulag milli hagsmunaaðila um skilgreiningar á því hvað telst til sjálfbærni og ábyrgrar hegðunar séu nauðsynleg fyrir árangur við stýringu og stefnumörkun til að efla öryggi og upplifun gesta á náttúrustöðum.

María Guðmundsdóttir fv. fræðslustjóri SAF, Rannveig Ólafsdóttir prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF sátu í dómnefndinni.

Tilnefningar til lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF 2022

A Pearl of Wonders: The Creation of Perlan Museum and the Value of Simulated Natural Attractions for Nature Conservation

Elisa Maccagnoni, MS-gráða í ferðamálafræði, líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóla Íslands
Leiðbeinendur: Edda Ruth Hlín Waage og Anna Dóra Sæþórsdóttir

Finding the Phoenix Factor : an analysis of re-purposed industrial heritage sites in marginalised remote communities in Iceland

David Kampfner, MA-gráða í sjávarbyggðafraði, Háskólasetri Vestfjarða (viðskipta- og raunvísindasvið, Háskólinn á Akureyri)
Leiðbeinandi: Matthias Kokorsch

Fræðslustarf í smærri ferðaþjónustufyrirtækjum. „Samskipti eru bara númer 1, 2 og 3 sko“

Lilja Karen Kjartansdóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands
Leiðbeinandi: Gunnar Þór Jóhannesson

Sumarið 2020 er eitt besta ferðasumar sem ég man eftir! Ferðahegðun og upplifun Íslendinga á tímum COVID-19

Elva Dögg Pálsdóttir, MS-gráða í félagsvísindum, hug- og félagsvísindasviði, Háskólanum á Akureyri
Leiðbeinandi: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Transforming emergent Icelandic tourist sites into sustainable and responsibly managed destinations: A case study of the 2021 Geldingadalur eruption in Iceland

Stephanie Langridge, MS-gráða í stjórnun í ferðaþjónustu, viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Leiðbeinandi: Tracy Michaud



Hesteyri á norðanverðum Vestfjörðum

RANNSÓKNASAMSTARF

Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu (Touref)

Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðaþjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins. Rannsóknarhópurinn stóð fyrir málstofu á Nordic Symposium 29 sem haldin var í Porvo í Finnlandi. Málstofan bar yfirskriftina *Entrepreneurship and Family Business: Dynamics and challenges in the European tourism sector*.

Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

Norrænt rannsóknanet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Samstarfsnet fræðimanna sem fást við rannsóknir á ferðaþjónustu tengdri umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa á norðurhveli.

Rannsóknarverkefni um sjálfbær móttökusvæði skemmtiferðaskipa er unnið undir hatti rannsóknarnetsins auk þess sem rannsakendur innan þess hafa skipulagt málstofur á alþjóðlegum ráðstefnum.

Norrænt samstarfsnet um eflingu menntunar á sviði ferðamála (TourNord)

RMF er aðili að norrænu samstarfsneti um eflingu menntunar á sviði ferðamála á Norðurlöndunum: [TourNord](#).

Markmið samstarfsnetsins er að stuðla að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og efla ferðamálanám þannig að nemendur verði reiðubúnir að takast á við áskoranir framtíðarinnar á sviði ferðaþjónustu. Samstarfsnetið er hugsað sem vettvangur fyrir norrænar mennta- og rannsóknastofnanir til þess að miðla vel heppnuðum aðferðum og leiðum til þekkingarþróunar á sviði ferðamála. Á vegum

samstarfsnetsins eru haldnir reglulegir vinnufundir í því skyni að stuðla að virkara samstarfi þátttakanda í verkefnum og efla samstarf á sviði náms, nýsköpunar og rannsókna.

Rannsóknir á eyjasamfélögum á norðurslóðum

RMF er aðili í nýju samstarfsneti um rannsóknir á norðurslóðum. Meginmarkmið samstarfsins er að finna leiðir til að þróa öflug og sjálfbær eyjasamfélög. Að samstarfsnetinu koma 20 aðilar víðs vegar frá Norður-Atlantshafssvæðinu.



RMF tók á móti nemendum frá Susquehanna háskólanum í Pennsylvaníu

Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

[Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsókna á heimskautasvæðum](#). Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

Vinnuafli í ferðaþjónustu

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafli í ferðaþjónustu.

Dr. Andreas Walmsley, Háskólanum í Coventry, leiðir vinnu rannsóknahópsins en Íris Hrund Halldórsdóttir er starfsmaður hópsins. Að frumkvæði hópsins kom út árið 2020 bókinn *Tourism employment in Nordic Countries – Trends, Practices and Opportunities*. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnum. [Bókin var gefin út af útgefandanum Palgrave MacMillan](#) (hluti af Springer Group).



RMF tók þátt í ráðstefnunni *Responsible Tourism in Destinations* í Finnlandi



Hvammsvík í Hvalfirði

ÚTGEFIÐ EFNI

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2022). Vetraráfangastaðurinn Akureyri. Sjónarhorn íbúa. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2022). Viðhorfskönnun meðal ferðamanna á áfangastöðum Vörðu. Greinargerð um prufukeyrslu á spurningalista og útfærslu á framkvæmd könnunar, unnin fyrir MVF. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Íris Hrund Halldórsdóttir. (2022). "En maður bara límur brosið upp og er hress og glaður": Áskoranir og úrræði ferðabjónustufyrirtækja í heimsfaraldri. Rannsóknamiðstöð ferðamála.



Sveinsdóttir, Á. M. and Persson-Fischier, U. (2022). The path to responsible cruise tourism in

Ísafjörður. Í M. Tunkkari-Eskelinen og A. Törn-Laapio (ritstj.). Special Issues in Responsible Tourism Vol.2. JAMK University of Applied Sciences.

Vera Vilhjálmisdóttir. (2022). Societal value of cultural heritage in Iceland. ESPON.

Vera Vilhjálmisdóttir og Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. (2022). Tökustaðir kvikmynda: Tækifæri í ferðabjónustu? Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Vilhjálmisdóttir, V., Gunnarsdóttir, G.P., and Black, R. (2022). Embracing Chinese tourists in Iceland: The response of the tourism industry. In Young-Sook Lee (ed) Asian Mobilities Consumption in a Changing Arctic, 155-167. Routledge.





Ása Marta og Guðrún Þóra á ráðstefnunni *Responsible Tourism in Destinations*, Helsinki, Finnland.
Ljósmyndari: Riitta Koivisto

FYRIRLESTRAR OG ERINDI

Ása Marta Sveinsdóttir. 13. maí. *Skemmtiferðaskip til Ísafjarðar: tækifæri eða ógn?* Erindi flutt á 14. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagsfræði. Ísafirði.

Ása Marta Sveinsdóttir. 9. júní. *The path to responsible cruise tourism in Ísafjörður*. Erindi flutt á International Conference on Responsible Tourism in Destinations. Helsinki, Finnland.

Ása Marta Sveinsdóttir og Ulrika Persson-Fischier. 28. september. *Sustainable cruise tourism? A comparison between two island destinations*. Erindi flutt á 30th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Porvoo, Finnland.

Ása Marta Sveinsdóttir og Laufey Haraldsdóttir. 28. október. *Ábyrg eyjaferðapjónusta*. Erindi flutt á Þjóðarspeglinum. Háskóli Ísland, Reykjavík

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 13. maí. *Ferðapjónusta í nýju ljósi? Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðapjónustu á Covid-tímum*. Erindi flutt á 14. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagsfræði.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 23. nóvember. *Viðhorfskönnun á áfangastöðum Vörðu. Helstu niðurstöður, áskoranir og framhald*. Erindi flutt á vinnustofu Gullna hringborðsins, Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 10. júní. *From Growth-pains to Crisis – Tourism Development in Iceland*

and the Question of Resiliency. International Conference on Responsible Tourism in Destinations (Key note), Helsinki, Finnland.

Guðrún Helgadóttir, Doris Effah-Kesse, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Georgette Leah Burns og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 29. september. *Social sustainability and supply chain management in tourism: The case of Iceland*. Erindi flutt á 30th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Porvoo, Finnland.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 13. október. *Cruise Tourism trend in Iceland. Responding to Booming Arctic Cruise*. Erindi flutt á málstofunni: Safety and Environmental Risks at Sea. Arctic Circle, Reykjavík.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 13. maí. *Seigla í íslenskri ferðapjónustu - Viðbrögð við krísu*. Erindi flutt á 14. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagsfræði.

Íris Hrund Halldórsdóttir. 10. maí. *Hvaða þættir höfðu áhrif á seiglu ferðapjónustunnar við stóráfall*. Erindi flutt á kynningu á vegum Ferðamálastofu.

Vera Vilhjálmisdóttir. 23. júní. *Film tourism in Iceland. How can the tourism industry in Iceland utilise the country's increased visibility in international movies and tv shows?*. Erindi flutt á ráðstefnunni ICOT2022. Kít, Grikklandi



Vitinn í Grímsey

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2022

	Fjárhagsáætlun 2023	Fjárhagsáætlun 2022	Raun/ áætlun	Rauntölur 2022	Rauntölur 2021
Rekstrartekjur:					
00 Sértekjur	74.100.001	68.849.999	94%	64.902.447	70.766.883
	<u>74.100.001</u>	<u>68.849.999</u>	<u>94%</u>	<u>64.902.447</u>	<u>70.766.883</u>
Rekstrargjöld:					
01 Laun og launatengd gjöld	59.853.183	57.212.917	97%	55.706.380	56.756.685
02 Ferðir og fundir	3.968.504	2.943.404	133%	3.908.398	1.633.068
03 Rekstrarvörur	1.027.996	1.109.000	71%	791.930	1.204.615
04 Aðkeypt þjónusta	5.529.998	4.512.996	42%	1.907.809	9.904.218
05 Húsnæði	3.150.000	3.000.000	100%	3.000.000	1.380.000
06 Bifreiðar og vélar	0	0	0%	0	36.216
	<u>73.529.681</u>	<u>68.778.317</u>	<u>95%</u>	<u>65.314.517</u>	<u>70.914.802</u>
071 Afskriftir	0	0	0%	0	0
	<u>73.529.681</u>	<u>68.778.317</u>	<u>95%</u>	<u>65.314.517</u>	<u>70.914.802</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða	570.320	71.682	0%	(412.070)	(147.919)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
072 Vextir, bætur og skattar	0	0	0%	0	3.527
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0%</u>	<u>0</u>	<u>3.527</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>570.320</u>	<u>71.682</u>	<u>0%</u>	<u>(412.070)</u>	<u>(151.446)</u>



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

2023